

Þinggerð

Stofnþings Kraftlyftingasambands Íslands



Íþróttamiðstöðinni í Laugardal
15. apríl 2010

Stofnþing Kraftlyftingasambands Íslands (KRA)

1. Þingsetning

Ólafur Rafnsson forseti ÍSÍ ávarpaði samkomuna, bauð þingfulltrúa og gesti velkomna og fór síðan stuttlega yfir forsögu kraftlyftinga innan ÍSÍ.

Hann minnti á að árið 2009 hefði verið stofnuð Kraftlyftinganefnd ÍSÍ og að Íþróttaping ÍSÍ í apríl 2009 hefði samþykkt heimild til að stofna sérsamband um kraftlyftingar.

Með stofnun Kraftlyftinganefndar ÍSÍ voru aðildir að alþjóðasamböndum um kraftlyftingar fluttar frá KRAFT yfir til Kraftlyftinganefndar ÍSÍ enda var það forsenda þess að hægt væri að hefja þróun íþróttarinnar innan vébanda ÍSÍ.

2. Skipan fundarstjóra og fundarritara

Tillaga um forseta ÍSÍ, Ólaf Rafnsson, sem fundarstjóra og Höllu Kjartansdóttur skrifstofustjóra ÍSÍ sem fundarritara var samþykkt.

3. Kjörbréf

Líney Rut Halldórsdóttir fór yfir boðun stofnþingsins og las upp kjörgengna fulltrúa af kjörbréfum viðkomandi héraðssambanda.

Frá ÍBR: Ingimundur Björgvinsson
Júlian J.K. Jóhannsson

Frá HSK: Daníel Geir Einarsson
Einar Geir Guðnason

Frá UMSK: Hjalti Árnason
Knútur Einarsson

Frá ÍRB: Hermann Jakobsson
Haukur Guðmundsson

Frá ÍBA: Einar Már Ríkarðsson

Frá USÚ: Sævar Hrafn Guðmundsson

Fulltrúar HSK voru ekki mættir og því 8 fulltrúar, frá fimm héraðssamböndum kjörgengir. Engar athugasemdir gerðar við kjörbréfin og þau staðfest.

3. Ávörp gesta

Enginn tók til máls undir þessum lið.

4. Staðfesting laga

Lög Kraftlyftingasambands Íslands borin upp til atkvæða.
Samþykkt samhljóða.

5. Kosning stjórnar

Tillaga lá fyrir um *Sigurjón Pétursson* sem formann Kraftlyftingasambands Íslands.
Tillagan samþykkt með lófataki.

Tillaga lá fyrir um eftirtalda einstaklinga í stjórn Kraftlyftingasambands Íslands:

Birgir Viðarsson

Guðjón Hafliðason

Gry Ek Gunnarsson

Kári Rafn Karlsson

Tillagan samþykkt með lófataki.

Tillaga lá fyrir um eftirtalda einstaklinga í varastjórn Kraftlyftingasambands Íslands:
Auðunn Jónsson
Hjalti Árnason
Einar Már Ríkardósson

Tillagan samþykkt með lófataki.

6. Kosning tveggja endurskoðenda/skoðunarmanna

Tillaga lá fyrir um eftirtalda einstaklinga sem endurskoðendur/skoðunarmenn sambandsins:

Jóhann Pétur Sturluson

Páll Helgason

Til vara:

Helgi Briem

Haukur Guðmundsson

Tillagan samþykkt með lófataki.

7. Þingslit

Fundarsstjóri, Ólafur Rafnsson, þakkaði þingfulltrúum og gestum fyrir gott þing og óskaði sambandinu velfarnaðar. Hann sagðist hlakka til góðs samstarfs við stjórn sambandsins og kraftlyftingafélög í landinu.

Um leið og hann gaf nýkjörnum formanni Sigurjóni Péturssyni orðið, óskaði hann honum og stjórn sambandsins hjartanlega til hamingju og afhenti honum blómvönd frá framkvæmdastjórn og starfsfólki ÍSÍ. Ólafur bauð svo öllum viðstöddum til kaffiveitinga að loknu þingi.

Sigurjón Pétursson, nýkjörinn formaður Kraftlyftingasambands Íslands, sagði þennan dag mikinn hátíðisdag og ánægjulegan fyrir alla, hann persónulega sem og alla innan kraftlyftingaiþróttarinnar. Hann þakkaði þingfulltrúum það traust sem Kraftlyftinganefnd ÍSÍ var sýnt og þakkaði félögunum fyrir þá vinnu sem þau hafa unnið við uppbyggingu íþróttarinnar innan ÍSÍ.

Hann sagði það sérstaklega ánægjulegt að koma í Íþróttamiðstöðina í Laugardal og eiga samskipti við skrifstofu ÍSÍ og framkvæmdastjórn. Það hefði aldrei borið skugga á þau samskipti.

Að lokum sagðist hann vonast til að eiga eftir að sjá kraftlyftingaiþróttina eflast og dafna á næstu misserum innan vébanda ÍSÍ. Til þess lægi metnaður stjórnarinnar.

Fleira gerðist ekki og var þingi formlega slitið kl. 18:00.

Ólafur E. Rafnsson
þingforseti

Halla Kjartansdóttir
þingritari

Fulltrúar og gestir á stofnþingi Kraftlyftingasambands Íslands

Frá ÍSÍ:

Ólafur Rafnsson forseti
Lárus Blöndal varaforseti
Gunnar Bragason gjaldkeri
Helga Steinunn Guðmundsdóttir ritari
Helga H. Magnúsdóttir meðstjórnandi
Örn Andrésson meðstjórnandi
Friðrik Einarsson meðstjórnandi
Sigríður Jónsdóttir meðstjórnandi
Jón Gestur Viggósson meðstjórnandi
Gústaf A. Hjaltason varastjórn
Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir varastjórn

Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri
Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri

Frá Kraftlyftinganefnd ÍSÍ:

Sigurjón Pétursson
Guðjón Hafliðason
Gry Ek Gunnarsson

Frá kraftlyftingafélögum:

Hjalti Árnason, Kraftlyftingafélagi Mosfellsbæjar
Jóhann P. Sturluson, Kraftlyftingafélagi Mosfellsbæjar
Sævar R. Guðmundsson, Kraftlyftingadeild Sindra
Helgi Hauksson, Kraftlyftingadeild Breiðabliks
Birgir Viðarsson, Kraftlyftingadeild Breiðabliks
Einar Már Ríkharðsson, Kraftlyftingafélagi Akureyrar
Haukur Guðmundsson, Kraftlyftingadeild UMFN
Hermann Jakobsson, Kraftlyftingadeild UMFN
Árni Freyr Stefánsson, Kraftlyftingafélagi Akraness
Kári Rafn Karlsson, Kraftlyftingafélagi Akraness
Arnar Helgason, Kraftlyftingafélagi Akraness
Arnar Helgason, Kraftlyftingafélagi Akraness

Ljósmyndari:

Hafliði Guðjónsson